



Umhverfisstefna Skútustaðahrepps

2019-2022



Skútustaðahreppur
UMHVERFISNEFND

Leiðarljós:

- Skútustaðahreppur verði til fyrirmyndar meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfismálum þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Með því verði sveitarfélagið eftirsótt til búsetu sem fjölskylduvænt svæði í heilnæmu umhverfi sem skartar náttúru sem nærir og eykur lífsgæði íbúa og gesta.
- Inntak umhverfisstefnunnar byggir á væntumþykju, virðingu og mati á þeim verðmætum sem einstök náttúra Skútustaðahrepps er. Áhersla er lögð á gott samstarf við íbúa, landeigendur, fyrirtæki og stofnanir til að greiða leiðina að settum markmiðum. Stefnunni fylgir tímasett aðgerðaáætlun. Umhverfisstefna og tímasett aðgerðaáætlun skulu endurskoðuð eigi sjaldnar en í upphafi hvers kjörtímabils.
- Hluti sveitarfélagsins fellur undir verndarlög um Mývatn og Laxá og er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt votlendi RAMSAR-sáttmálans. Auk þess er innan sveitarfélagsins fjöldi friðlýstra svæða.
- Aðgerðaáætlun skal yfirfarin og endurskoðuð tvisvar á ári.

1. Umhverfisfræðsla

Markmið umhverfisfræðslu er að skapa almenna virðingu fyrir náttúru svæðisins með verndun hennar og sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Nemendur á leik- og grunnskólastigi fái vandaða kennslu um umhverfismál, það með talið loftslagsmál og matarsóun. Skútustaðahreppur er þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“, sem felur í sér það markmið m.a. að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Sveitarfélagið miðlar upplýsingum um umhverfismál markvisst til starfsmanna, íbúa og gesta sveitarfélagsins.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Grænfánaverkefni-Reykjahlíðarskóli</i>	<i>Skólastjóri</i>	<i>Sjá skólastefnu</i>
<i>Grænfánaverkefni-Leikskólinn Ylur</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Sjá skólastefnu</i>
<i>Íbúafundur um sorpmál (árangur í endurvinnslu, moltugerð og nýjungar)</i>	<i>Sveitarstjóri/ umhverfisnefnd</i>	<i>Nóvember 2019</i>

<i>Setja upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins um frárennismál og sorpflokkun</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Haust 2019</i>
<i>Skilti við aðkomuleiðir með upplýsingum um umgengni</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Vor 2020</i>

2. Verndun lífríkis og umhverfis

Virðing er borin fyrir einstöku lífríki og líffræðilegri fjölbreytni svæðisins með tilliti til fuglalífs, gróðurs, jarðvegs, jarðmyndana, vatnsfalla, stöðuvatna og votlendis.

Sveitarfélagið sýnir gott fordæmi í umgengni og varðveislu landgæða og hvetur atvinnulíf og almenning að fylgja því fordæmi. Sveitarfélagið veitir pólitískt aðhald til að aukning verði á rannsóknum á stöðu lífríkis, grunnvatns, jarðefnafræði Mývatns og loftgæða. Áhersla er lögð á gott samstarf við stofnanir á sviði umhverfismála og rannsókna. Markvisst er unnið að vargeyðingu og heftingu útbreiðslu ágengra plöntutegunda.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Endurskoðun á ákvæðum sveitarfélagsins í aðalskipulagi er varða framkvæmdir sem valdið geta skerðingu votlendis</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Haust 2021</i>
<i>Mat á árangri endurheimtar votlendis við Framengjar og Nautey 2003-2005</i>	<i>Umhverfisnefnd</i>	<i>2022</i>
<i>Verkefnaáætlun starfshóps um upprætingu og heftingu á útbreiðslu kerfils, lúpínu og njóla (heimanjóla)</i>	<i>Starfshópur</i>	<i>Haust 2019, árlega eftir það</i>

3. Skipulagsmál og manngert umhverfi

Sjálfbær þróun og verðmæti landslags eru höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana. Ásýnd byggðar og samspil hennar við umhverfið endurspeglar metnað sveitarfélagsins og skal höfð sem

útgangspunktur við hönnun nýbygginga og mannvirkja. Viðhaldi eigna og verndun menningarminja skal sinnt af metnaði í sama tilgangi. Áhersla er lögð á gott aðgengi til útivistar, t.d. með stígagerð og merkingum.

Við uppgræðslu og skógrækt er lögð áhersla á það lífríki sem fyrir er og forðast að nota framandi tegundir.

Við skipulagningu á bílaumferð er markvisst miðað að því að draga úr hættu á mengunarslysum.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Fyrsti áfangi um lagningu göngu- og hjólastíga umhverfis vatnið og að helstu náttúruperlum.</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>2022</i>
<i>Sveitarfélagið standi að hvetjandi aðgerðum til fegrunar umhverfis: a) Söfnun bílhræja og járnarusls b) Hvetji til afsláttar í verslunum c) Veiting umhverfisverðlauna</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>A:2019 B:2020 C: Árlegt</i>
<i>Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa í sveitarfélaginu</i>	<i>Slökkviliðsstjóri og UST</i>	<i>Í vinnslu</i>
<i>Kortleggja ófrágengna aflagða efnistökuastaði</i>	<i>Skipulagsfulltrúi</i>	<i>Október 2019</i>

4. Auðlindir

Sveitarfélagið leggur áherslu á að ákvarðanir um nýtingu náttúrurauðlinda svæðisins verði ávallt teknar með hliðsjón af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Lögð er áhersla á hvetjandi aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs í stofnunum sveitarfélagsins, á heimilum hjá fyrirtækjum, í verslun og þjónustu. Sérstök áhersla er lögð á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og jarðgerð á lífrænum úrgangi.

Innkaupastefna sveitarfélagsins tekur mið af umhverfissjónarmiðum og haldið grænt bókhald. Sveitarfélagið lágmarkar notkun pappírs með rafrænni stjórnsýslu.

Sveitarfélagið og stofnanir þess munu af fremsta megni nota endurnýjanlegar auðlindir í starfsemi sinni.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Sorpflokkun í stofnunum á vegum sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>September 2019</i>
<i>Niðurstöður starfshóps um nýtingu lífræns úrgangs</i>	<i>Starfshópur</i>	<i>Haust 2019 og árlega eftir það</i>
<i>Skref að grænu bókhaldi</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>2021</i>
<i>Innkaupastefna; vistvænar og samfélagslega ábyrgar áherslur</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>Október 2019</i>
<i>Samningar við verktaka/þjónustuaðila um umhverfisvæn vinnubrögð</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Hverju sinni</i>
<i>Þrýstingur á Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi stefnumótun á landsvísu um sorpflokkun fyrir ferðamenn</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Vor 2019</i>
<i>Bætt aðstaða fyrir ferðamenn til sorpflokkunar</i>		<i>Vor 2019</i>
<i>Sveitarfélagið mun hvetja fyrirtækin á svæðinu til að koma sér upp umhverfisstefnu og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfismálum</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>September ár hvert</i>
<i>Gerð verður skrá yfir auðlindir í sveitarfélaginu, þar með talin, vatnasvæði, vatnstökusvæði, orkuvinnslusvæði, beitolönd, uppgræðslusvæði, skógræktarsvæði og efnisnámur.</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Gerð aðalskipulags</i>

5. Fráveitumál

Sveitarfélagið leggur áherslu á vistvænar leiðir til að uppfylla lög og reglur um fráveitumál og vera til fyrirmyndar í málaflokknum. Fyrirbyggja skal að mengandi efni berist út í umhverfið, annars vegar með því að hvetja til notkunar á umhverfisvænum efnum og hins vegar tryggja reglulegt eftirlit með frárennslismannvirkjum.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Umbótaáætlun um frárennismál</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Endurskoðun nógildandi áætlunar 2022</i>
<i>Markviss hvatning til umhverfisvænni lífshátta</i> <i>-Notkun á fjölnota innkaupapokum</i> <i>-Notkun á umhverfisvottuðum hreinsiefnum</i> <i>-Fræðsla um skaðsemi hreinsiefna í frárennsli</i> <i>-Samstarf við rekstraraðila</i>	<i>Umhverfisnefnd</i>	<i>Reglubundið, amk tvisvar á ári</i>

6. Heilnæmt umhverfi

Í sveitarfélaginu skal vera greiður aðgangur að hreinu og heilnæmu neysluvatni. Skipulagt eftirlit er með vatnsveitum og vatnsverndarsvæðum í sveitarfélaginu.

Tryggja skal íbúum sveitarfélagsins umhverfi til búsetu og útivistar þar sem loft- ljós- og hávaðamengun er í lágmarki. Við umsagnir um veitingu rekstrarleyfa til fyrirtækja sem ætla má að geti valdið slíkri mengun skal setja inn vöktunarákvæði sem tryggja að starfsemin sé innan viðmiðunarmarka og hafi umhverfisvænar áherslur.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Stuðla að reglulegum mælingum á hljóðmengun í íbúðabyggð</i>	<i>Sveitarfélagið</i>	<i>Árlega</i>
<i>Stuðla að reglulegum mælingum á loftmengun (svifryksmengun)</i>	<i>Sveitarfélagið</i>	<i>Árlega</i>
<i>Spara lýsingu á sparkvelli</i>	<i>Sveitarfélagið</i>	<i>Vor 2019</i>

7. Loftslagsmál

Helstu vandamál mannkyns á 21. öldinni eru loftslagsbreytingar. Rekstur sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaus. Sveitarfélagið miðlar upplýsingum um loftslagsbreytingar og aðgerðir til að daga úr þeim og hvetur starfsmenn og íbúa til að leggja sitt af mörkum. Við endurnýjun á bifreiðum og tækjabúnaði sveitarfélagsins skal valinn búnaður með lágt vistspor.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
<i>Rekstur sveitarfélagsins verði kolefnisjafnaður með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu.</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>2019</i>
<i>Græn skref</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>2019</i>
<i>Fjarfundir eru nýttir þegar því er við komið.</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>Á hverju ári</i>
<i>Við kaup á akstursþjónustu, skal óska eftir umhverfisvænum kostum.</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>Haust 2019</i>
<i>Hjólavottun sveitarfélagsins</i>		<i>Janúar 2020</i>
<i>Vitundarvakning varðandi þátt einstaklinga og fyrirtækja í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Fræðslusvæði á heimasíðu þar sem fram komi upplýsingar um t.d. orkunýtingu, kosti rafbíla, vistakstur, moltugerð og endurheimt votlendis</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>2021</i>
<i>Uppsetning rafhleðslustöðva við stofnanir sveitarfélagsins</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>2021</i>
<i>Hvatning til rekstraraðila að uppsetningu rafhleðslustöðva í sveitarfélaginu</i>	<i>Sveitarstjórn</i>	<i>Í kjölfar uppsetningar sveitarfélagsins/kynnig ar á nýjum rafhleðslustöðvum</i>
<i>Hvatning og aðstoð við landeigendur um gerð áætlunar um endurheimt votlendis</i>	<i>Umhverfisnefnd</i>	<i>Haust 2020</i>

<i>Ábendingar til framkvæmdaaðila um uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, sorpflokkun á byggingatíma.</i>	<i>Sveitarstjóri</i>	<i>Vor 2020</i>
---	----------------------	-----------------

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps 26. júní 2019